

Orkustofnun

04 571

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Orkustofnun

kt. 500269-5379

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Orkustofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin fer með stjórnslu í orkumálum og aflar þekkingar á nýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda. Orkustofnun fer m.a. með leyfisveitingar vegna rannsókna og nýtingar á auðlindum og orkuvinnslu og annast eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 722,8 milljónir og afkoma kr. 38,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 73,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 408 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Orkustofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Orkustofnunar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðni Albert Jóhannesson
Orkumálastóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	505.400.000	462.600.000
Seld þjónusta	3	59.320.931	46.429.237
Framlög og ýmsar tekjur	4	151.951.357	137.531.805
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.106.657	5.781.984
Tekjur samtals		722.778.945	652.343.026
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	407.518.202	401.917.370
Framlög og tilfærslur	6	7.581.754	5.509.839
Annar rekstrarkostnaður	7	263.645.632	252.102.514
Afskriftir	8	6.106.657	5.781.984
Gjöld samtals		684.852.245	665.311.707
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		37.926.700	(12.968.681)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		818.541	558.937
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(162.008)	(3.217)
		656.533	555.720
Afkoma ársins		38.583.233	(12.412.961)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		41.264.987	(11.903.122)
Rekstrartilfærslur		(2.681.754)	(509.839)
		38.583.233	(12.412.961)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		15.571.802	16.972.417
Farartæki og vélar		3.718.696	297.306
		<u>19.290.498</u>	<u>17.269.723</u>
Fastafjármunir samtals		<u>19.290.498</u>	<u>17.269.723</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	26.243.621	30.770.484
Tengdir aðilar	11	259.234.713	243.057.425
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		19.314.230	0
Handbært fé	12	83.944.121	59.335.798
		<u>388.736.685</u>	<u>333.163.707</u>
Veltufjármunir samtals		<u>388.736.685</u>	<u>333.163.707</u>
Eignir samtals		<u>408.027.183</u>	<u>350.433.430</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		73.411.291	34.828.058
		<u>73.411.291</u>	<u>34.828.058</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	157.656.683	158.057.528
Viðskiptaskuldir	14	109.538.773	92.745.529
Ýmsar skammtímaskuldir	15	49.879.062	47.588.794
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	17.541.374	17.213.521
		<u>334.615.892</u>	<u>315.605.372</u>
Skuldir samtals		<u>334.615.892</u>	<u>315.605.372</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>408.027.183</u>	<u>350.433.430</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		38.583.233	(12.412.961)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		6.106.657	5.781.984
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.106.657)	(5.781.984)
		<u>38.583.233</u>	<u>(12.412.961)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(14.787.367)	7.184.910
Tengdir aðilar		(18.271.055)	59.517.758
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		19.083.513	(59.716.652)
		<u>(13.974.910)</u>	<u>6.986.015</u>
		<u>24.608.323</u>	<u>(5.426.946)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(8.127.432)	(5.803.242)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		34.510	40.000
		<u>(8.092.922)</u>	<u>(5.763.242)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		6.400.000	5.803.242
Tengdir aðilar		1.692.922	0
		<u>8.092.922</u>	<u>5.803.242</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		24.608.323	(5.386.946)
		<u>59.335.798</u>	<u>64.722.744</u>
		<u>83.944.121</u>	<u>59.335.798</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Vörslufé er ekki fært í ársreikninginn.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2 Tekjufærsla fjárveitinga

	2020	2019
Fjárveiting ársins	505.400.000	462.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.106.657	5.781.984
	<u>511.506.657</u>	<u>468.381.984</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	500.500.000	4.900.000	0	505.400.000
Fjárveiting til tekna	500.500.000	4.900.000	0	505.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(459.235.013)	(7.581.754)	0	(466.816.767)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	41.264.987	(2.681.754)	0	38.583.233

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	43.002.615	26.655.988
Verksala	16.318.316	19.773.249
	<u>59.320.931</u>	<u>46.429.237</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	7.883.058	7.605.420
Kostnaðarhlutdeild	30.396.139	29.499.326
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	32.193.065	39.969.554
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	81.479.095	60.115.950
Ýmsar tekjur	0	341.555
	<u>151.951.357</u>	<u>137.531.805</u>

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	326.572.912	305.533.268
Orlof, breyting	3.802.189	23.047.923
Launatengd gjöld	73.477.537	69.341.301
Starfsmannakostnaður	3.665.564	3.994.878
	<u>407.518.202</u>	<u>401.917.370</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	38,0	38,0

Skýringar

	2020	2019
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.849.356	2.976.745
Ýmis tæki og áhöld	627.417	560.715
Varahlutir og viðhaldsvörur	88.171	31.294
Orkugjafir	191.203	228.908
Matvæli	1.149.828	1.386.181
Almennar rekstrarvörur	172.562	345.504
Vörukaup, almenn	5.078.537	5.529.347
Fundir, námskeið, risna	8.511.648	9.091.129
Ferðir, uppihald	3.293.297	24.796.239
Akstur	661.077	1.272.874
Sérfræðiþjónusta	139.087.363	111.087.422
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	94.105	90.374
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.158.426	2.810.624
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.543.335	1.245.783
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	155.349.251	150.394.445
Afnotagjöld	23.128.080	10.637.000
Leigugjöld	41.492.732	45.112.063
Notkun véla og flutningatækja	0	21.000
Verkkaup	19.543.161	20.254.841
Kostnaðarhlutdeild	19.022.453	20.057.612
Áhættutap og bætur	20.000	0
Tryggingar, lögboðnar	11.418	0
Tapaðar kröfur	0	96.206
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	103.217.844	96.178.722
Annar rekstrarkostnaður samtals	263.645.632	252.102.514

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	15.571.802	16.972.417
Farartæki og vélar	3.718.696	297.306
	<u>19.290.498</u>	<u>17.269.723</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020	51.348.534	731.653	52.080.187
Viðbætur á árinu	4.632.079	3.495.353	8.127.432
Selt/niðurfært á árinu	(1.303.272)	0	(1.303.272)
	<u>54.677.341</u>	<u>4.227.006</u>	<u>58.904.347</u>
Afskriftir 1.1.2020	34.376.117	434.347	34.810.464
Selt/niðurfært á árinu	(1.303.272)	0	(1.303.272)
Afskrift ársins	6.032.694	73.963	6.106.657
	<u>39.105.539</u>	<u>508.310</u>	<u>39.613.849</u>
Staða 31.12.2020	<u>15.571.802</u>	<u>3.718.696</u>	<u>19.290.498</u>

	31.12.2020	31.12.2019
10 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	26.243.621	24.971.361
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	0	5.799.123
	<u>26.243.621</u>	<u>30.770.484</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	200.964.839	156.761.369
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	58.269.874	86.296.056
	<u>259.234.713</u>	<u>243.057.425</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	157.656.683	158.057.528
	<u>157.656.683</u>	<u>158.057.528</u>

12 Handbært fé

Tékkareikningar	9.033.535	8.982.054
Sparisjóðsreikningar	27.445.321	19.675.623
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	47.465.265	30.678.121
	<u>83.944.121</u>	<u>59.335.798</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 169 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
13 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	34.828.058	83.078.665
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(35.837.646)
Afkoma ársins	38.583.233	(12.412.961)
Jöfnuður 31.12.	<u>73.411.291</u>	<u>34.828.058</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
14 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	100.014.373	92.745.529
Viðskiptaskuldir í erlendra mynt	9.524.400	0
	<u>109.538.773</u>	<u>92.745.529</u>

15 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	49.879.062	46.076.873
Ógreidd laun	0	1.511.921
	<u>49.879.062</u>	<u>47.588.794</u>

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	19.290.498	17.269.723
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga	(1.749.124)	(56.202)
	<u>17.541.374</u>	<u>17.213.521</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	17.269.723	(56.202)	17.213.521
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.400.000	6.400.000
Bókfært verð seldra eigna	0	0	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	0	34.510	34.510
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.127.432	(8.127.432)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.106.657)	0	(6.106.657)
	<u>19.290.498</u>	<u>(1.749.124)</u>	<u>17.541.374</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 5,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Orkustofnun hefur gert skuldbindandi leigusamning við Ríkiseignir um leigu á húsnæði að Grensásvegi 9 og er hann ótímabundin en með 6 mánaða uppsagnarfresti. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 38 m.kr fyrir árið 2020.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.